

Nefndasvið skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 27. maí 2015

Efni: Umsögn RARIK ohf. til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar um frumvarp til laga um breytingu á upplýsingalögum nr. 140/2012 (kaup á vöru og þjónustu). Þingskjal 322 – 272. mál.

RARIK ohf. („RARIK“) barst þann 20. maí sl. tölvubréf frá nefndasviði Alþingis þar sem óskað var eftir umsögn félagsins um frumvarp til laga um breytingu á upplýsingalögum (kaup á vöru og þjónustu), 272 mál. RARIK þakkar veittan umsagnarrétt.

Í 1. gr. frumvarpsins, sem útlistar efnislegt inntak þess, er m.a. á málgað að leggja þá skyldu á stjórnvöld og lögaðila sem eru í a.m.k. 51% eigu hins opinbera að birta opinberlega og sundurgreint upplýsingar um kaup og þjónustu yfir 150.000 kr. í hverjum almanaksmánuði, nema takmarkanir samkvæmt 10. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 eigi við. Skulu upplýsingarnar vera öllum aðgengilegar og birtar sem mánaðarlegt yfirlit á heimasíðu viðkomandi stjórnvalds eða lögaðila eigi síðar en 10. dag næsta mánaðar.

RARIK gerir eftirfarandi athugasemdir við umrætt frumvarp:

Í *fyrsta lagi* er sú skylda að birta upplýsingar um kaup á vöru og þjónustu yfir 150.000 kr. afar íþyngjandi fyrir umfangsmikinn rekstur opinberra aðila. Yrði frumvarp þetta að lögum þyrftu nánast hver einustu kaup opinberra aðila á vörum eða þjónustu að vera tilgreind á heimasíðu viðkomandi aðila innan mánaðar frá viðskiptunum. Telur RARIK, þrátt fyrir markmið frumvarpsins, að umrædd tilhögun myndi auka kostnað íslenska ríkisins af innkaupum umtalsvert, auk þess sem hætta gæti skapast á því að vissir aðilar veigruðu sér við því að stunda viðskipti við opinbera aðila, sbr. og síðari umfjöllun. Ber og í þessu sambandi að hafa í huga að öll stærri innkaup opinberra aðila ber að bjóða út á opnum markaði, sbr. lög um opinber innkaup nr. 84/2007, og því vart séð að leynd hvíli yfir viðskiptum opinberra aðila samkvæmt gildandi löggjöf.

Í *öðru lagi* telur RARIK ekki ljóst af fyrirliggjandi frumvarpi hvers vegna gildandi lög fullnægja ekki því markmiði að veita almenningi aðgang að upplýsingum frá stjórnvöldum og lögaðilum í meirihlutaeigu hins opinbera. Í 5. gr. laga nr. 140/2012 er réttur almennings til aðgangs að gögnum tryggður, þ.m.t. að upplýsingum um kaup á vöru og þjónustu, ef hagsmunir annarra mæla ekki gegn slíkri afhendingu. Er og jafnframt í lögum lögð sú skylda á þá aðila, sem falla undir gildissvið þeirra, að veita leiðbeiningar um afmörkun beiðna um aðgang að upplýsingum, sbr. 15. gr. laganna. Auk þessa segir í 1. mgr. 13. gr. laga nr. 140/2012 að stjórnvöld skulu veita almenningi með reglubundnum hætti upplýsingar um starfsemi sína.

RA-56703


RARIK telur að gildandi lög tryggi nægjanlegt gagnsæi í stjórnslu stjórnvalda og lögaðila í meirihlutaeigu hins opinbera þannig að ekki sé þörf á kostnaðar- og tímafrekum birtingum fjárhagsupplýsinga í hverjum einasta almanaxsmánuði án fyrirbyggjandi beiðna þar um.

Í þriðja lagi er á málgað í 1. gr. frumvarpsins að stjórnvöldum og tilgreindum lögaðilum sé skylt að birta opinberlega sundurgreindar upplýsingar um kaup á vöru og þjónustu yfir 150.000 kr. í hverjum almanaxsmánuði, nema ákvæði 10. gr. laga nr. 140/2012 um takmarkanir á grundvelli almannahagsmuna eigi við. Í greininni virðist ekki gert ráð fyrir annars konar takmörkunum á birtingu slíkra upplýsinga, svo sem á grundvelli einkahagsmuna einstaklinga eða fjárhags- eða viðskiptahagsmuna fyrirtækja og annarra lögaðila. Vart verður talið að stjórnvöldum og lögaðilum í meirihlutaeigu ríkisins sé heimilt að birta viðkvæmar upplýsingar um starfsemi annarra í trássi við fyrirmæli 9. gr. laga nr. 140/2012, sbr. og 3. mgr. 14. gr. sömu laga. Gæti slík fortakslaus upplýsingagjöf, án tillits til hagsmuna hins aðila fyrirbyggjandi réttarsambands, auk fyrrgreinds, farið í bága við kröfur stjórnarskrárinnar um friðhelgi einkalífs, eignarrétt sem og atvinnufrelsi, sbr. 71., 72. og 75. gr. laga nr. 33/1944.

Í fjórða lagi telur RARIK að frumvarpið samrýmist ekki ákvæðum samkeppnislaga nr. 44/2005 er lúta að samkeppnislegu sjálfstæði keppnauta á markaði. Opinberir aðilar eru oft stórir kaupendur á tilteknum vöru- og þjónustumörkuðum. Frumvarpið gerir ráð fyrir að birtar séu sundurgreindar upplýsingar um kaup á vöru og þjónustu, þar með væntanlega um innkaupsverð. Ef upplýsingar um innkaupsverð eru sjálfkrafa aðgengilegar á heimasíðum stjórnvalda og lögaðila mánaðarlega skapast hættu á skertu samkeppnislegu sjálfstæði keppnauta á viðkomandi mörkuðum. Kunna aðstæður því að þróast á þann veg að jarðvegur verði fyrir þegjandi samhæfingu samkeppnisaðila á ýmsum mikilvægum samkeppnismörkuðum.

Með vísan til framangreinds mælir RARIK gegn því að fyrirbyggjandi frumvarp verði að lögum.

Virðingarfyllt,
F.h. RARIK ohf.



Tryggvi Þór Haraldsson, forstjóri